

3. Þegar bifreiðaeftirlitsmenn láta af störfum, skulu þeir skila þeim einkennisfatnaði, sem þeir fengu síðast afhentan. Ennfremur skulu þeir skila húfum, beltum, búnaði og einkennum. Einkennisfatnað, sem fastráðinn bifreiðaeftirlitsmaður hefur fengið afhentan, og hann hefur notað í meira en tvö ár, skal telja eign hans að liðnum tveimur árum frá afhendingu. Bifreiðaeftirlitsmanni er óheimilt að nota eða afhenda fatnaðinn utan bifreiðaeftirlitsstarfs.

IV. Ýmis ákvæði.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 15. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. og 24. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast gildi 1. janúar 1986.

Jafnframt falla úr gildi þau ákvæði reglugerðar nr. 145 11. október 1946, sem gilda um bifreiðaeftirlitsmenn. Dómsmálaráðuneytið úrskurðar um ágreiningsatriði, sem rísa kunna vegna túlkunar á reglugerð þessari.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. nóvember 1985.

Jón Helgason.

Guðmundur Björnsson.

3. desember 1985

Nr. 442

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands.

1. gr.

Fyrir hverja lækni skoðun og heyrnarrannsókn greiðir sjúklingur kr. 230,00. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða kr. 80,00. Undanþegnir þessu gjaldi eru allir nemendur Heyrnleysingjaskóla Íslands svo og börn og unglingar að 18 ára aldri, sem reynast það heyrnarskert að þau þurfi á heyrnartæki að halda.

2. gr.

Fyrir hverja heyrnarrannsókn á vinnustöðum, sem unnin er á vegum stöðvarinnar skal greiða kr. 270,00.

3. gr.

Heyrnar- og talmeinstöð Íslands annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem ákveðin er með heimild í 7. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, öðlast gildi frá og með 1. janúar 1986 að telja. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá frá 27. mars 1984 með breytingum frá 7. júní 1984.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. desember 1985.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.